

Hagstofa Íslands

01 401

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hagstofa Íslands
kt. 590169-0809
Borgartúni 21a, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hagstofa Íslands er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi og þjóðfélagsleg málefni.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 6 og málaflokk samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.953,9 milljónir og afkoma kr. -33,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 105,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 372,4 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hagstofu Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hagstofu Íslands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Hrafnhildur Arnkelsdóttir
Hagstofustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.624.600.000	1.563.600.000
Seld þjónusta	3	94.224.225	99.966.991
Vörusala		3.900	11.700
Framlög og ýmsar tekjur	4	214.220.141	143.408.763
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>20.846.646</u>	<u>23.467.651</u>
Tekjur samtals		1.953.894.912	1.830.455.105
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.643.961.918	1.571.457.259
Annar rekstrarkostnaður	6	321.692.594	243.369.711
Afskriftir	7	<u>20.846.646</u>	<u>23.467.651</u>
Gjöld samtals		1.986.501.158	1.838.294.621
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(32.606.246)	(7.839.516)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	8	279.156	3.733
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	<u>(710.673)</u>	<u>(82.184)</u>
		(431.517)	(78.451)
Afkoma ársins		<u>(33.037.763)</u>	<u>(7.917.967)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		57.734.620	61.513.233
Fastafjármunir samtals		<u>57.734.620</u>	<u>61.513.233</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	5.800.820	16.308.837
Tengdir aðilar	12	238.443.235	324.195.588
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	1.488.091	3.133.610
Handbært fé	14	68.976.489	66.926.069
Veltufjármunir samtals		<u>314.708.635</u>	<u>410.564.104</u>
Eignir samtals		<u>372.443.255</u>	<u>472.077.337</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hrein eign		105.589.922	138.627.685
Eigið fé samtals		<u>105.589.922</u>	<u>138.627.685</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	16	43.544.208	94.098.919
Ýmsar skammtímaskuldir	17	164.315.352	180.610.314
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	18	58.993.773	58.740.419
Skuldir samtals		<u>266.853.333</u>	<u>333.449.652</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>372.443.255</u>	<u>472.077.337</u>
Aðrar upplýsingar	19		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(33.037.763)	(7.917.967)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	20.846.646	23.467.651
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(20.846.646)	(23.467.651)
		<u>(33.037.763)</u>	<u>(7.917.967)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		12.153.536	(17.038.740)
Tengdir aðilar		89.784.320	14.526.132
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(66.849.673)	(13.864.844)
		<u>35.088.183</u>	<u>(16.377.452)</u>
		<u>2.050.420</u>	<u>(24.295.419)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(17.068.033)	(19.037.338)
		<u>(17.068.033)</u>	<u>(19.037.338)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		17.068.033	19.037.338
		<u>17.068.033</u>	<u>19.037.338</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		2.050.420	(24.295.419)
		<u>66.926.069</u>	<u>91.221.488</u>
		<u>68.976.489</u>	<u>66.926.069</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.624.600.000	1.563.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	20.846.646	23.467.651
	<u>1.645.446.646</u>	<u>1.587.067.651</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.612.300.000	0	0	1.612.300.000
Launabætur	12.300.000	0	0	12.300.000
Fjárveiting til tekna	1.624.600.000	0	0	1.624.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.657.637.763)	0	0	(1.657.637.763)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(33.037.763)	0	0	(33.037.763)

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	79.398.459	99.966.991
Fræðslustarfsemi og fundir	14.825.766	0
	<u>94.224.225</u>	<u>99.966.991</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	63.500.000	63.723.938
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	134.376.430	61.823.571
Ýmsar tekjur	16.343.711	17.861.254
	<u>214.220.141</u>	<u>143.408.763</u>

	2022	2021
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	1.338.812.712	1.256.957.632
Orlof, breyting	(16.294.962)	14.377.724
Launatengd gjöld	301.492.477	279.825.395
Starfsmannakostnaður	19.951.691	20.296.508
	<u>1.643.961.918</u>	<u>1.571.457.259</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	119,5	120,0
------------------------------	-------	-------

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.564.382	1.843.935
Ýmis tæki og áhöld	2.192.802	2.672.035
Orkugjafar	4.614.530	4.269.956
Matvæli	13.461.900	10.320.708
Almennar rekstrarvörur	4.080.348	3.347.215
Vörukaup, almenn	26.913.962	22.453.849
Ýmsar sérgreindar vörur	15.427	0
Vörukaup, sérgreind	15.427	0
Fundir, námskeið, risna	10.955.448	2.072.594
Ferðir, uppihald	12.369.205	489.769
Akstur	533.096	222.310
Sérfræðiþjónusta	38.010.070	59.823.090
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	106.331	109.849
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.768.370	2.907.671
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	20.422.576	12.202.564
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	85.165.096	77.827.847
Samningsbundin kaup og leiga	0	(14.234.399)
Afnotagjöld	35.279.458	31.803.121
Leigugjöld	143.235.572	97.143.855
Notkun véla og flutningatækja	68.490	49.400
Verkkaup	14.856.092	19.958.618
Kostnaðarhlutdeild	16.157.899	7.685.105
Opinber gjöld	598	682.315
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	209.598.109	143.088.015
Annar rekstrarkostnaður samtals	321.692.594	243.369.711
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	20.846.646	23.467.651
	20.846.646	23.467.651
8 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	2022	2021
Ýmsar fjármunatekjur	279.156	3.733
	279.156	3.733
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	0	822
Dráttarvextir	29.217	81.362
Gengistap, verðbreytingar	681.456	0
	710.673	82.184

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
10 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	57.734.620	61.513.233
	<u>57.734.620</u>	<u>61.513.233</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2022	167.693.626	167.693.626
Viðbætur á árinu	17.068.033	17.068.033
	<u>184.761.659</u>	<u>184.761.659</u>
Afskriftir 01.01.2022	106.180.393	106.180.393
Afskrift ársins	20.846.646	20.846.646
	<u>127.027.039</u>	<u>127.027.039</u>
Staða 31.12.2022	<u>57.734.620</u>	<u>57.734.620</u>
11 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	5.800.820	16.308.837
	<u>5.800.820</u>	<u>16.308.837</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	2.305.300	0
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	3.495.520	16.308.837
	<u>5.800.820</u>	<u>16.308.837</u>
	31.12.2022	31.12.2021
12 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	193.776.435	292.811.988
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	44.666.800	31.383.600
	<u>238.443.235</u>	<u>324.195.588</u>
13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	96.727	846.427
Skattar	1.391.364	2.287.183
	<u>1.488.091</u>	<u>3.133.610</u>
14 Handbært fé		
Sjóðir	8.000	8.000
Tékkareikningar	68.873.214	66.824.660
Sparisjóðsreikningar	95.275	93.409
	<u>68.976.489</u>	<u>66.926.069</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 8,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	138.627.685	146.545.652
Afkoma ársins	(33.037.763)	(7.917.967)
Jöfnuður 31.12.	105.589.922	138.627.685

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
16 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	43.544.208	94.098.919
	43.544.208	94.098.919
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum	20.301.143	14.400.948
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt	23.243.065	79.697.971
	43.544.208	94.098.919

17 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	164.315.352	180.610.314
	164.315.352	180.610.314

18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	57.734.620	61.513.233
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	1.259.153	(2.772.814)
	58.993.773	58.740.419

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	61.513.233	(2.772.814)	58.740.419
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	21.100.000	21.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	17.068.033	(17.068.033)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(20.846.646)	0	(20.846.646)
	57.734.620	1.259.153	58.993.773

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 20 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

19 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi leigusamning vegna húsnæði að Borgartúni 21a til ársloka 2027 og ótímabundna skuldbindandi þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 111,6milljónum. Árlegar greiðslur vegna þjónustusamninga nema kr. 14,4 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.